



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2010

EFNISYFIRLIT

Formáli	3
Starfsvettvangur	4
Stjórnstöðin - þungamiðja starfseminnar – vöktun og viðbragð	5
Leit og björgun á sjó og landi.....	8
Bráðaflutningar á sjó og landi	9
Eftirlit, mengunareftirlit og auðlindagæsla á hafsvæðinu umhverfis Ísland ...	10
Aðstoð við löggæslu og mikilvægt hlutverk við almannavarnir	11
Sprengjueyðing á sjó og landi	12
Köfun er ómissandi þáttur í björgunar- og öryggismálum	12
Mælingar hafsvæðisins og þróun sjókorta.....	13
Kynningarstarf og erlend verkefni	14
Verkefni flugtæknideildar.....	15
Rekstur ársins 2010 – helstu niðurstöður	16
Úr dagbók Landhelgisgæslunnar 2010.....	17

FORMÁLI



Ljósmynd GSV

Starfsemi Landhelgisgæslunnar hefur tekið umtalsverðum breytingum síðastliðin ár en meginhlutverkin, auk leitar og björgunar, felast í almennri auðlindagæslu í víðasta skilningi þess orðs. Felst hún í eftirliti með mengun, umhverfissvá, siglingahættu og ólöglegum veiðar svo eitthvað sé nefnt. Björgunarhlutverkið er mikilvægasti þátturinn og hefur verið unnið að eflingu á þeim vettvangi eins og aðstæður leyfa. Nú þegar hafa ný tæki með nýrri tækni fært með sér stórstígar breytingar. Er þar fyrst að nefna tilkomu nýrrar og öflugrar eftirlits- og björgunarflugvélar sem í gosinu í Eyjafjallajökli sannaði ótvírátt gildi sitt þegar flogið var reglulega yfir gosstöðvarnar. Náðist að kortleggja nákvæmlega þróun gosstöðvanna með eftirlitsbúnaði flugvélarinnar. Einnig hefur á síðustu árum orðið gagnger breyting á tækjabúnaði og fjareftirliti stjórnstöðvar auk þess sem gerðir hafa verið samstarfssamningar við nágranna-

ríki okkar um vöktun og eftirlit á hafinu umhverfis Ísland. Hafsvæðið sem þjóðirnar hafa yfirráð yfir er víðáttumikið og erfitt yfirferðar en á síðastliðnum árum hafa verið undirritaðir samstarfssamningar um nánara samstarf er varðar leit, eftirlit og björgun á Norður-Atlantshafi. Á árinu 2010 náðist merkilegur áfangi á sviði leitar- og björgunarmála er reglugerð um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða á leitar og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara tók gildi. Gerður var samstarfssamningur við ISAVIA um samvinnu og verkaskiptingu vegna leitar og björgunar loftfara og í kjölfarið gerði Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) úttekt á stjórnstöð Landhelgisgæslunnar sem vegna björgunarþáttarins hlaut heitið JRCC-Ísland (Joint Rescue Coordination Centre).

Samdráttur hefur orðið í starfseminni Landhelgisgæslunnar en engu að síður eru tvær öflugar björgunarþylur í rekstri, með tveimur vöktum allan sólarhringinn.


Með því að endurskipuleggja starfsemina og taka að okkur ýmis verkefni í fjarlægum löndum hefur tekist að viðhalda lágmarksviðbúnaði hér heima. Með þeim ráðstöfunum er vonast til að eitthvað rætist úr á næstu árum. Mikil framför verður í haust þegar tekið verður á móti varðskipinu Þór sem nú er í smíðum í Chile. Skipið mun breyta miklu hvað varðar leit og björgun, almennt eftirlit og mengunarvarnir. Auk þess sem dráttargeta skipsins er mjög mikil. Nýi Þór verður bylting og mikið framfaraskref fyrir öryggi sjófarenda við landið.

Við horfum fram á stórkostlegar breytingar í heimsmyndinni. Bráðnun íss og opnun siglingaleiða munu án efa hafa mikil áhrif um allan heim og örugglega hér á Íslandi. Staðsetning Íslands í miðju Norður-Atlantshafsins gerir landið að miðpunkti siglingaleiðar sem mun færa með sér miklar breytingar.

STARFSVETTANGUR

Starfsvettvangur Landhelgisgæslu Íslands er hafið umhverfis Ísland, þ.e. innsævið, landhelgin, efnahagslögsagan (EEZ) og landgrunnið, auk úthafsins samkvæmt reglum þjóðarréttar. Leitar og björgunarsvæði Íslands nær fyrst og fremst yfir íslensku efnahagslögsöguna en samkvæmt skilgreiningu alþjóðflugmálastofnunarinnar (ICAO) og alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) er Ísland ábyrgt fyrir leit og björgun á svæði sem er talsvert stærra, um 1,8 milljón ferkílómetrar eða meira en tvöfalt stærra en efnahagslögsagan. Þá sinnir Landhelgisgæslan einnig verkefnum á landi í samstarfi við lögreglu og önnur yfirvöld.

Leitar- og björgunarsvæðið samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum nær norður fyrir Jan Mayen í norðri, austur að 0° lengdarbaug í austri, austur og suður fyrir Færeyjar og þaðan að Hvarfi, syðst á Grænlandi og norður með austurströnd Grænlands og norður fyrir Jan Mayen eins og komið hefur fram. Þetta er gífurlega stórt ábyrgðarsvæði á erfiðu hafsvæði. Þó svo að Landhelgisgæslan sé ábyrg fyrir leit og björgun á þessu svæði þarf það ekki alltaf að þýða að íslensk skip eða loftför séu kölluð til að sinna aðgerðum. Allra mögulegra



Starfsvettvangur: Íslenska efnahagslögsagan innan svörtu línunnar (stærð 758 km²). Leitar- og björgunarsvæðið sem Landhelgisgæslan er ábyrg fyrir (1,8 milljónir km²) er táknað með rauðri línu. Bláir fletir eru svæði Norðaustur Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Aðildarþjóðir; Ísland, Danmörk f. hönd Færeyja og Grænlands, Evrópusambandið, Noregur og Rússland.

alþjóðlegra leiða er leitað til að koma skipum, bátum eða loftförum til aðstoðar sem lent hafa í óhöppum en Landhelgisgæslan og stjórnstöð hennar bera engu að síður ábyrgð á aðgerðum allt til enda. Mikil og góð samvinna er við þá aðila sem bera samskonar ábyrgð í nágrennalöndunum. Þar má nefna danska sjóherinn á Grænlandi,

Björgunarpjónustuna í Noregi (Redningstjenesten), Landhelgisgæslu Færeyja, bresku strandgæsluna og kanadíska strandgæsluna. Fyrir kemur að samstarfið verði mun viðtækara þegar um leitir af týndum bátum eða skútum er að ræða og björgunarstöðvar beggja vegna Norður-Atlantshafi í samskiptum og samvinnu.



Varðskipið Ægir og TF-GNA á æfingu

Ljósmynd AS

STJÓRNSTÖÐIN – ÞUNGAMIÐJA STARFSEMINNAR – VÖKTUN OG VIÐBRAGÐ



Allar einingar Landhelgisgæslunnar taka þátt í verkefnum sem lúta að öryggis- og löggæslu, sem og eftirliti á hafinu með einum eða öðrum hætti. Aðgerðasvið Landhelgisgæslunnar hefur það hlutverk að taka ákvörðun um hvert beina skuli þessum einingum hverju sinni til leitar-, björgunar-, eftirlits-, og löggæslustarfa.

Á árinu náðist merkilegur áfangi á sviði leitar- og björgunarmála er reglugerð um stjórnun leitar- og björgunar- aðgerða á leitar- og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara tók gildi. Í kjölfarið var gerð úttekt Alþjóða- flugmálastofnunarinnar (ICAO) á stjórnstöð Landhelgisgæslunnar og gáfu úttektaraðilar stjórnstöðinni góða einkunn og voru engin frávik gerð vegna hennar. Þar með breyttist heiti stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar, vegna björgunarpáttarins, í JRCC-Ísland (Joint Rescue Coordination Centre).

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar annast vöktun og viðbragð allra eininga Landhelgisgæslunnar. Er stjórnstöð leitar og björgunar sjófarenda og loftfara og jafnframt vaktstöð siglinga. Það gerir hana að samhfingrar- og þjónustuaðila fyrir alla starfsemi Landhelgisgæslunnar (single point of contact). Hún boðar alla viðbragðsaðila á sjó útköll, samhfir verkefni þeirra og sér um fjarskipti við þá. Á hverju ári berast Landhelgisgæslunni á annað hundrað aðstoðarbeiðnir vegna leitar, björgunar og sjúkraflytninga þar sem skip og loftför Landhelgisgæslunnar koma við sögu. Aðgerðir sem stjórnstöð sinnir eða stýrir eru þó mun fleiri. Í þeim tilvikum er m.a. björgunarskipum og björgunarbátum Slysavarnafélagsins Landsbjargar beint til aðstoðar sem og nærstöddum skipum og bátum.

Samtals voru 155 björgunarmál skjalfest hjá Landhelgisgæslunni árið 2010. Samtals hófust 460 aðgerðir en af þeim leystust 322 mál strax á svo- kölluðu óvissustigi, 89 mál fóru yfir á

Að meðaltali voru 380 skip á sjó í kringum landið hvern dag ársins.

Mest voru 1.140 skip og bátar á sjó á einum degi sumarið 2010

Árlega berast um 1500 tilkynningar frá skipum eða bátum frá 14 þjóðum innan Schengen samstarfsins (47 fánar).

Um tölvuvædd fjareftirlitskerfi ein og sér berast stöðinni um 1,5 milljón tilkynninga á sólarhring.

Allt upp í 1100 skip geta verið á sjó á sama tíma í fjareftirlitskerfi/ Vessel monitoring system (VMS)

Á árinu 2010 voru 1.251 storm- og ísingarviðvaranir lesnar út á ensku og íslensku

Alls voru 18.117 NAVTEX viðvörnar- skeyti send á árinu, 75% þeirra til alþjóðlega íslenska ábyrgðarsvæðisins en 25% til austurhluta alþjóðlega grænlenka ábyrgðarsvæðisins.

hættustig þar sem viðbragðseiningar voru ræstar/settar í gang en 49 mál fóru á neyðarstig. Nokkur tilfelli voru strax metin á neyðarstigi þ.e. kölluðu á tafarlaus viðbrögð. Mál eru að jafnaði mjög fljót að leysast, það má m.a. þakka að búið er að byggja upp gott kerfi þar sem allir björgunaraðilar eru fljótir að bregðast við. Þegar litið er yfir aðgerðir sl. árs kemur helst á óvart hversu oft þarf að grípa til umfangsmikilla og kostnaðarsamra leitar og björgunar- aðgerða á sjó, með þátttöku margra, vegna skipa og báta sem af einhverjum og mismunandi ástæðum hætta að senda ferilvöktunargögn og jafnframt næst ekki fjarskiptasamband við.

Tilfellum fjölgar í beinu hlutfalli við aukna sjósókn frá vori og fram á haust.

Landhelgisgæslan sinnir einnig fjarskiptaþjónustu við sjófarendur, móttöku neyðarkalla og aðstoðar- beiðna og er um leið eftirlitsstöð fyrir

	ALFA	BRAVO	CHARLIE	DELTA	Samtals
2010	54	103	25	6	188
2009	41	66	20	9	136
2008	36	72	28	14	150
2007	60	93	29	0	182

fjareftirlit. Inn á borð stjórnstöðvarinnar koma allar lögboðnar tilkynningar um skipaumferð innan lögsögunnar og er þar fylgst með þekktari skipaumferð á hafsvæðinu kringum Ísland.

Á árinu bárust Landhelgisgæslunni 118 neyðarskeyti frá Cospas/Sarsat neyðarsendum á tíðninni 406 MHz. Ekki fannst uppruni 34 skeyta. Hefur neyðarskeytum fækkað mikið frá 1. febrúar 2009 þegar hætt var móttöku skeyta frá gömlum neyðarsendum skipa og flugvéla (á tíðninni 121.5/243 MHz) í gervihnattakerfinu.

Öll skip sem koma erlendis frá til íslenskra hafna er skylt að tilkynna komur sínar í gegnum evrópska gagnagrunninn Safeseanet. Samkvæmt upplýsingum frá honum áætluðu 2103 skip að koma til hafnar á Íslandi. Fiskiskip eru ekki meðtalin þar sem þeim er ekki skylt að tilkynna sig í gegnum SafeSeaNet. Tölur yfir fiskiskip sem tilkynntu sig til hafnar á Íslandi eru hinsvegar teknar saman af stjórnstöð Landhelgisgæslunnar en þau voru samtals 223.

Tilkynningar úr Safeseanet um komur erlendra skipa til hafna á Íslandi 2010:

Hafnir	Fjöldi koma
Reykjavík	513
Grundartangi	254
Vestmannaeyjar	185
Reyðarfjörður	178
Akureyri	117
Aðrar hafnir	856
Alls	2.103

Í Safeseanet eru erlend skip aðeins talin einu sinni í hvert skipti sem að þau komu til landsins. Þar má einnig sjá að 1.098 skip komu til landsins á árinu með 153.163 manns um borð.

Tegundir erlendra skipa, komur og fjöldi um borð:

Tegund skipis	Fjöldi koma til landsins	Áhöfn	Farþegar um borð	Samtals	Meðalfjöldi um borð
Magnflutningaskip	304	3.429	11	3.440	11
Gámaskip	282	3.586	108	3.694	13
Efnaskip	107	1.403	0	1.403	13
Vöruflutningaskip	158	1.628	6	1.634	10
Gasskip	5	62	0	62	12
Oliuskip	21	326	0	326	16
Tankskip	28	319	0	319	11
Farþegaskip	153	42.133	99.310	141.443	924
Önnur	40	687	155	842	21
Samtals	1.098	53.573	99.590	153.163	139

Samkvæmt Safeseanet komu skemmtiferðaskip 105 sinnum til landsins á árinu og voru 74 skip eða 70% voru með viðkomu í Reykjavík. Fyrir utan skemmtiferðaskipin kom Norræna til Seyðisfjarðar 48 sinnum og gerir það samtals 153 komur skemmtiferðaskipa til landsins á árinu. Auk þess sýna tölur frá Smyril-Line að Norræna flutti 35.083 farþega til og frá landinu árið 2010. Flestir farþegar komu í júlí eða um 10.000 en fæstir í janúar og desember eða 50 farþegar á mánuði. Mesti farþegafjöldi, í einni ferð, var í júlí þegar Norræna kom til Seyðisfjarðar með 1.230 farþega og 92 í áhöfn.

Varðskipin

Varðskip Landhelgisgæslunnar sinna mikilvægum þætti við öryggis- og


löggæsluhlutverk stofnunarinnar. Leitast er við að beina þeim innan lögsögunnar eftir verkefnum, álagi, veðri og aðstæðum hverju sinni. Auk þess að sinna hefðbundnu eftirliti á siglingu um hafið umhverfis Ísland eru skipin ávallt til taks til að bregðast við hverjum þeim verkefnum sem Landhelgisgæslan þarf að sinna, hvort sem um er að ræða löggæslu, öryggisgæslu, leit, björgun eða aðstoð, jafnt við sjófarendur sem landsmenn. Varðskip Landhelgisgæslunnar voru 587 daga á sjó árið 2010, 356 daga innan íslenska hafsvæðisins en 231 dag í verkefnum fyrir Frontex, landamærostofnun Evrópusambandsins.

Grafið sýnir sigldar sjómílur varðskipa og sjómælingaskipsins Baldurs síðan 2005. Þar sést einnig að varðskipinu

Óðni var lagt haustið 2006.

Frá árinu 2007 hefur sigldum sjómílum varðskipanna fækkað, nema á síðastliðnu ári. Skýrist það af þátttöku varðskipins Ægis í landamæraeftirliti á vegum Frontex - landamærastofnunar Evrópusambandsins. Einnig sigldi varðskipið Ægir samtals 5013 sjómílur við eftirlit á Íslandsmiðum í byrjun og síðla árs 2010.


Sigldar sjómílur varðskipa



V/S TÝR

Grafið hér á eftir sýnir úthaldsdaga varðskipanna Týs, Ægis, Óðins og Baldurs við Ísland frá 2005.

Úthaldsdagar varðskipanna



Loftför Landhelgisgæslunnar eru notuð jafnt til öryggis- og löggæslu sem og í leitar og björgunarflug. Farið er með reglubundnum hætti í eftirlitsflug á flugvél og þyrlum en auk þess er æfingaflug á þyrlum nýtt til löggæsluverkefna. Löggæsluferðir þyrlanna felast í almennu eftirliti með skipa-umferð og fiskveiðum á grunnslóð. Á landi er verkefnum sinnt í samstarfi við lögreglu má þar nefna umferðar- og hálendiseftirlit.

Skipting flugtíma á milli verkefna

	2010	2009	2008
Gæsluflug	17%	23%	22%
Leitar-, björgunar og sjúkraflyg	21%	15%	16%
Ýmis verkefni	18%	15%	18%
þjálfun	43%	45%	42%
Testflug	1%	2%	2%

Hér til hliðar má sjá heildarfjölda kæra frá árinu 2005. Seinni myndin sýnir hvernig kærur skiptast á milli eininga Landhelgisgæslunnar. Um er að ræða kærur á hendur skipstjóra vegna brota gegn fiskveiðilöggjöf, áhafnarlögum, lögum um eftirlit með skipum, lögskráningarlögum ofl.

Samantekt úthaldsdaga varðskipanna frá 2005.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Íslensk EEZ og eftirlit NEAFC*	535	623	697	533	393	356
Frontex - Landamærafstofnun EU						231

*NEAFC - North East Atlantic Fisheries Commission



Heildarfjölda kæra 2005-2010

	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Heildarfjöldi kæra	34	33	50	64	56	39

Skipting kæra milli eininga LHG 2005-2010

	2005	2006	2007	2008	2009	2010
TÝR	18	1	17	22	10	8
ÆGIR	4	16	5	9	19	6
BALDUR					4	15
ÓÐINN	4	5				
Flugdeild	7	11	22	13	7	2
Aðgerðasvið	1		6	20	16	8

LEIT OG BJÖRGUN Á SJÓ OG LANDI

Ný reglugerð um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða á leitar og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara tók gildi 5. október 2010. Fer Landhelgisgæslan með yfirstjórn leitar og björgunaraðgerða á leitar og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara og breyttist nafn stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar þar með úr MRCC (Maritime rescue coordination centre) í JRCC Ísland (Joint rescue coordination centre).

Landhelgisgæslan fer með stjórnun allra leitar- og

björgunaraðgerða innan íslenskrar efnahagslögsögu og á ábyrgðarsvæði Íslands á alþjóðlegum hafsvæðum. Einnig aðstoðar Landhelgisgæslan yfirvöld á landi við leit og björgun sé þess óskað. Í kjölfar útgáfu reglugerðarinnar, 14. október 2010 var gerður samstarfssamningur við ISAVIA um samvinnu og verkskiptingu vegna leitar og björgunar loftfara. ISAVIA sinnir viðbúnaðarþjónustu og þjálfar starfsmenn Landhelgisgæslunnar vegna flugþáttarins. Loftför Landhelgisgæslunnar sinna


leit og björgun á sjó og landi auk öryggis-, löggæslu og eftirlitsverkefna á sjó í samstarfi við aðrar deildir. Komið var 131 manni til bjargar eða aðstoðar á árinu í 188 útköllum. Flest útköll eða 85% voru vegna bráðaflutninga, leitar og björgunar. Önnur útköll voru vegna eldgossins í Eyjafjallajökli, löggæsluverkefna eða í viðbragðsstöðu vegna björgunarverkefna á sjó. Björgunum til sjávar hefur fækkað talsvert á liðnum árum og má þar þakka auknu eftirliti og bættri þjálfun sjómanna. Einn maður fórst í sjóslysi á árinu 2010.



Helstu verkefni tengd leit og björgun:

- Leit og björgun fólks, skipa, báta og loftfara
- Slökkvistörf um borð í skipum
- Leit og björgun á landi
- Leit neðansjávar vegna slysa
- Leit á landi, á vötnum og ám
- Björgun skipa sem hafa bilað eða orðið fyrir áföllum
- Rýming skemmtiferðaskipa sem hafa orðið fyrir áföllum


Tegund útkalla



Tegundir útkalla- samanburður

	2007	2008	2009	2010
Leit og björgun	74	64	47	80
Sjúkraflutningar	98	72	70	80

Staðsetning útkalla



Staðsetningar leitar og björgunar 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
Sjó	33%	25%	25%	36%
Land	13%	12%	2%	34%
Óbyggðir	28%	27%	20%	30%

Ferðir loftfara í útköll 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
SYN/SIF	11	6	1	4
LIF	62	93	63	85
GNA	57	40	40	74
EIR	28	11	20	21
OBX	9	-	-	-
SIF (þyrla 2007)	13	-	-	-
FMS/RDN	-	-	-	4



TF-LIF við æfingar með Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu

BRÁÐAFLUTNINGAR Á SJÓ OG LANDI

Landhelgisgæslan sinnir bráðaflutningum á sjó og notast þar fyrst og fremst við þyrlur en einnig flugvél og/eða varðskip ef þörf er á. Landhelgisgæslan hefur kappkostað að sinna bráðaflutningum af fagmennsku og leitast við að búa einingar sínar bestu tækjum til þessa verkefnis. Reynt er að hafa alltaf lækni í áhöfn þyrlanna en auk þess er alltaf sjúkraflutningamaður í áhöfnum varðskipa, þyrlna og flugvélar. Landhelgisgæslan sinnir einnig bráðaflutningum á landi þegar lögregla eða lækna óska þess.

Vegna getu Landhelgisgæslunnar og tækjakosts hennar hefur í auknum mæli verið leitað til stofnunarinnar vegna bráðaflutnings með þyrlum á landi og er svo komið að um 60% sjúkraflutninga sem Landhelgisgæslan sinnir með þyrlum eru á landi. Þá sinnir Landhelgisgæslan stöku sinnum flutningi sjúkra á milli landa. Hluti af lækningaþjónustu sem lækna í áhöfnum þyrlna Landhelgisgæslunnar hafa veitt felst í fjarlækningaþjónustu við sjófarendur. Þannig er sjófarendum á fjarlægum miðum veitt aðstoð við aðhlynningu og meðferð sjúklinga

þangað til hægt er að flytja sjúkling undir læknishendur. Þjónustuna veita lækna í gegnum fjarskiptakerfi Landhelgisgæslunnar.


Sjúkraflutningar (EMS)

2007-2010


	2007	2008	2009	2010
Sjó	33%	25%	25%	36%
Land	13%	12%	2%	34%
Óbyggðir	28%	27%	20%	30%

Fjöldi einstaklinga fluttir með þyrlum 2007-2010

2007	2008	2009	2010
172	136	117	131



Vegalengd útkalla á sjó



Þyrlusveitin á æfingu með dönsku varðskipi

Ljósmynd AS

EFTIRLIT, MENGUNAREFTIRLIT OG AUÐLINDA- GÆSLA Á HAFSVÆÐINU UMHVERFIS ÍSLAND

Fiskveiðar Íslendinga fara að mestu fram á landgrunninu (innan 50 sml frá landi). Á djúpslóð er um að ræða botnfiskveiðar út af SV-, V- og SA-landi. Þá stunda Íslendingar úthafskarfaveiðar djúpt SV af landinu og kolmunaveiðar út af A- og SA-landi. Loðnaveiðar eru stundaðar með austur- og suðurströndinni á veturna og út af NV-, N- og NA-landi á sumrin. Árinu 2010 fóru um 370 klukkustundir varðskipanna í eftirlit með fiskveiðum, 150 flugtímar hjá þylum en 250 flugtímar eftirlitsflugvélar Landhelgisgæslunnar.

Ásókn erlendra skipa á miðin við Ísland er talsverð. Á vormánuðum stundar stór floti erlendra skipa úthafskarfaveiðar SV af landinu og hefur ágangur þeirra á mörkum lögsögunnar verið talsverður. Erlend skip stunda botnfisksveiðar við miðlínurnar milli Íslands og Grænlands og milli Íslands og Færeyja. Þá stundar floti skipa frá Asíu túnfisksveiðar suður af landinu á haustmánuðum.

Við fiskveiðieftirlit varðskipanna er farið um borð í fleiri skip og báta en áður tíðkaðist. Við eftirlit er sérstaklega horft til veiða íslenskra skipa á lokuðum svæðum, ólöglegra veiðarfæra, brottkasts, haffæris, búnaðar fiskiskipa og réttinda áhafna. Við skyndiskoðun eru skipsskjöl, búnaður, lögskráning, atvinnuréttindi yfirmanna, veiðarfæri og afli skoðaður. Við skoðun notar handhafi löggæsluvalds staðlað form til að merkja við þá þætti sem kannaðir eru og skrá niður ef eitthvað er athugavert og ólöglegt. Að lokinni

skoðun er skipstjóra gefinn kostur á að skrá athugasemdir og hann undirritar einnig skýrsluna. Hafi fiskveiðibrot verið framið, er skipinu vísað til hafnar þar sem lögreglan rannsakar málið til hlítar. Landhelgisgæslan sendir lögreglustjóra kæru og hann tekur síðan ákvörðun um hvort ákært er í málinu.

Skyndiskoðanir

Á árinu fóru varðskipsmenn um borð í 325 skip og báta til skyndiskoðana. Athugasemdir voru gerðar í 45,5% tilfella.


Eftirlit varðskipa 2008 - 2010

	2008	2009	2010
Eftirlit, fjöldi skipa /skoðana	210	324	325
Athugasemdir, fjöldi skipa	108	224	197
Búnaður, fjöldi skipa	90	101	64
Afli	6	53	38
Fiskidagbók	5	11	28
Veiðileyfi	8	8	5
Veiðarfæri/haffæri	3	9	12
Lögskráning/vöntun atv.skirt.	23	19	15
Vöntun réttindamanna/réttindi	41	55	35

Á árinu var farið í skyndiskoðanir um borð í þrjátíu erlend skip. Í febrúar voru 18 norsk loðnuskip skoðuð, 10 færeyskir línubátar sem og 2 rússneskir togarar á karfaveiðum á Reykjanes hrygg fyrir utan efnahagslögsöguna. Sjómælinga- og eftirlitsskipið Baldur hefur síðastliðin tvö sumur verið notað til fiskveiðieftirlits í samvinnu við Fiskistofu. Vegna samdráttar í rekstri hefur skipið ekki verið nýtt til sjómælinga frá árinu 2008. Einnig hefur

Baldur verið notaður lítillega við æfingar með flugdeild LHG, köfunarsveit og sprengjudeild LHG ásamt sársveit ríkislögreglustjóra.

Úthaldsdagar Baldurs 2005 - 2010



Mengunarvarnir og auðlindagæsla

Mengunareftirliti og vörnum er sinnt með öllum einingum Landhelgisgæslunnar. Flugvélin TF-SIF er búin bestu fánlegu tækjum til mengunareftirlits að nóttu sem degi. Varðskip Landhelgisgæslunnar Týr og Ægir eru ekki sérstaklega búin til að takast á við mengunarslys en reglulega eru haldnar æfingar í samstarfi við Umhverfisstofnun, hafnaryfirvöld og fleiri í viðbúnaði við mengunarslys. Reglulega eru haldnar æfingar með hafnaryfirvöldum á Akureyri og Fáskrúðsfirði þar sem notaður er mengunarvarnabúnaður Umhverfisstofnunar og hafnaryfirvalda. Þór, nýtt varðskip sem er í smíðum í Chile er vel tækjum búð til að takast á við mengunarslys á hafi úti.



Baldur, eftirlits- og sjómælingaskip
Landhelgisgæslunnar

AÐSTOÐ VIÐ LÖGGÆSLU OG MIKILVÆGT HLUTVERK VIÐ ALMANNAVARNIR



Áhafnir varðskipa og loftfara Landhelgisgæslunnar ásamt sérfræðingum sprengjusveitar og stjórnstöðvar hafa með höndum löggæsluvald og aðstoða þeir við löggæslu á landi sé þess óskað. Á árinu var margvísleg samvinna milli eininga Landhelgisgæslu og lögreglunnar, má þar nefna flutning sérsveitar, margvíslegar sameiginlega æfingar, hálendis- og umferðareftirlit, sprengjueyðing og fleira. Þjálfun áhafna í einingum Landhelgisgæslunnar miðast við að stofnunin sé í stakk búin til að taka þátt í hverju því verkefni sem að höndum ber. Einnig er þjálfun nema lögregluskólans fastur liður í dagskrá varðskipa og þyrusveita.

Aðstoð við löggæslu á landi

- ☛ Sértekar lögregluaðgerðir á landi
- ☛ Varnir gegn hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi
- ☛ Mannfjöldastjórnun
- ☛ Flutning sérsveitar
- ☛ Skýrslutöku
- ☛ Rannsókn sjóslysa
- ☛ Sprengjueyðingu
- ☛ Hálendiseftirlit
- ☛ Umferðareftirlit
- ☛ Leit að einstaklingum
- ☛ Leit í höfnum og vötnum vegna rannsókna mála
- ☛ Löggæslu á hafnarsvæðum

Landhelgisgæslan sinnir mikilvægu hlutverki í almannavarnakerfi Íslands. Þegar eldgos hófst á Fimmvörðuhálsi aðfaranótt 21. mars 2011 hófst tímabil reglulegrar vöktunar loftfara Landhelgisgæslunnar. Gengdi þar flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SIF viðamiklu hlutverki við öflun gagna fyrir almannavarnir og vísindamenn. Notkunarmöguleikar flugvélarinnar á sviði almannavarna eru gríðarlegir þar

sem unnt er að greina breytingar á landslagi svo sem hæðarlínur í jöklum, eldfjöllum og snjóalögum með búnaði vélarinnar. Einnig er hitamyndavél sem og annar búnaður vélarinnar nýttur til að afla upplýsinga sem samkeyrðar eru í tölvukerfi sem kallast MMS (Mission Management System).

Landhelgisgæslan á sæti í samhæfingarstöð almannavarna og stjórnstöð leitar og björgunar í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Viðfangsefni samhæfingarstöðvar eru fjórþætt; leit að týndu loftfari undir stjórn ISAVIA/Landhelgisgæslunnar; leit og björgun á landi undir stjórn fjarskiptamiðstöðvar lögreglu; leit og björgun á sjó undir stjórn Landhelgisgæslunnar; og í almannavarnaástandi eins og við náttúruvá, slys, eða aðra atburði, sem ógna almannaheill, virkjar almanna- varnadeild ríkislögreglustjórans

stöðina. Samhæfingar- og stjórnstöð skal virkjuð þegar nauðsyn krefst að mati þeirra sem koma að stjórn leitar og björgunar eða viðbragða við hættuástandi. Stöðin samræmir aðgerðir og er ráðgefandi fyrir aðgerðastjórnir auk þess að hafa aðgang að vísindamönnum og öðrum sérfræðingum á ýmsum sviðum.

Þáttur Landhelgisgæslunnar í almannavörnum felst meðal annars í:

- ☛ Stjórnun almannavarnaadgerða á sjó
- ☛ Flutningi á björgunarfólki og tækjabúnaði
- ☛ Flutning á sérfræðingum við rannsóknir
- ☛ Aðkallandi sjúkraflutningum
- ☛ Leit og björgun
- ☛ Vettvangsstjórnun og að halda uppi fjarskiptum með endurvarpa



SPRENGJUEYÐING Á SJÓ OG LANDI



Tölvustýrður þjarki Sprengjusveitar

Verkefni sprengjusveitar Landhelgisgæslunnar er að gera óvirkar og eyða sprengjum er finnast í hafinu við landið. Vegna sérþekkingar sinnar hefur sprengjusveitin jafnframt sinnt sprengjueyðingu og tengdum verkefnum á landi auk þess sem skotvopnaþjálfun áhafna Landhelgisgæslunnar er í höndum sprengjusveitar. Sprengjusveitin aðstoðar flugheri við loftrýmisgæslu NATO og er með ýmis námskeið fyrir flugvernd í Keflavík, starfsmenn Landhelgisgæslunnar, Tollgæslunnar Vinnueftirlitsins og friðargæslunnar. Auk þess aðstoðar hún sérsveit RLS og lögregluna með ýmsum hætti.

Skipting verkefna Sprengjusveitar 2010

	2009	2010
Sprengjueyðing	484	589
Köfun	77	174
Viðhald búnaður	816	140
Skotvopnakennsla	450	560
Samvinna v/flugdeild	490	407
Önnur verkefni	1090	516
Borverkefni	226	198
NC 2010	1278	1586
Hreinsun svæða	3281	998
Aðgerðarsvið ýmisl.	412	292
Æfingar EOD/IED	472	550
Námskeið	216	250
Keflavík f. VMSI	250	262
Chile v/Pór		110
Frontex - EU		624

Verkefni sprengjusveitar felast í:

- Eyðingu sprengna og annarra hættulegra hluta er koma í veiðarfæri skipa eða finnast í fjörum eða á landi
- Leit að sprengjum í skipum og flugvélum
- Hreinsun hernaðarsvæða
- Skotvopnaþjálfun innan Landhelgisgæslunnar
- Þjálfun og kennslu í sprengjuleit og eyðingu
- Öryggisgæslu í höfnum vegna komu erlendra herskipa
- Sprengjuleit í höfnum
- Samskiptum við ýmsa fagaðila, þar á meðal lögreglu
- Þjálfun friðargæsluliða og þátttöku í friðargæslustörfum.

Sprengjusveit LHG tilheyra starfsmenn sem hlotið hafa sérþjálfun og öðlast réttindi til að vinna við sprengjueyðingu en geta að öðru leyti verið fastir starfsmenn í öðrum einingum innan LHG.

KÖFUN ER ÓMISSANDI ÞÁTTUR Í BJÖRGUNAR OG ÖRYGGISMÁLUM

Köfunarsveit er hluti aðgerðarsviðs sem sinnir verkefnum á sviði köfunar, er þar um að ræða starfsmenn sem hlotið hafa sérþjálfun og öðlast réttindi til að vinna við köfun en eru fastir starfsmenn í öðrum einingum. Við verkefni kafaranna er notað aðflutt loft og eru því aldrei færri en tveir kafarar sem sinna hverju verkefni. Til að tryggja hámarksöryggi er ætíð kafað með línu, einn kafar en hinn sér um eftirlit með lofti og heldur uppi stöðugum samskiptum við þann sem er að kafa sem og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar.

Á meðal verkefna köfunarsveitar

- Samvinna við Rannsóknarnefnd sjóslysa vegna ýmissa mála.
- Útköll með sérsveit Ríkislögreglustjóra og Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins. Mjög gott samstarf hefur verið við þessa aðila.

- Farið var í um 200 æfingakafanir á árinu, þar af var töluverður fjöldi vegna vinnu sprengjudeilda.

Um 1800 klst. í öryggiskafanir vegna æfinga flugdeilda.

Einnig voru æfingakafanir með erlendum samstarfsaðilum, m.a. frá Frakklandi, Hollandi, Noregi, Austurríki, og Færeyjum. Flestar með áhöfnum dönsku varðskipanna og dönskum sprengjusérfræðingum.

Á árinu var haldið námskeið í leitar- og björgunarköfun í samvinnu við Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Ríkislögreglustjóra. Inntökuberli fyrir námskeiðið stóð yfir í tvær vikur en það fólst m.a. í að þrek umsækjenda og vatnsvani var prófaður auk prófana í þrýstiklefa með þrýstingi sem samsvarar 50 metra dýpi í köfun. Umsækjendur fóru jafnframt í

læknisskoðanir og viðtöl. Námskeiðið er kennt í tveimur hlutum og hófst sá fyrri í nóvember en síðari hluti eftir áramót 2011. Í millitíðinni stunduðu þátttakendur æfingakafanir. Kennslan var bæði bókleg og verkleg og sáu leiðbeinendur Landhelgisgæslunnar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Ríkislögreglustjóra um kennsluna.

Á meðal verkefna köfunarsveitar:

- Öryggisleit neðansjárvar
- Öryggiskafanir með þyrlum Landhelgisgæslunnar
- Sprengjueyðing neðansjárvar.
- Veiðarfæri skorin úr skipum.
- Viðgerðir neðansjárvar á varðskipum.
- Sprengjuleit vegna komu skipa frá aðildarríkjum NATO.

MÆLINGAR HAFSVÆÐISINS OG ÞRÓUN SJÓKORTA

Þáttur sjómælingasviðs í öryggis- löggæslu- og eftirliti felst í kortlagningu siglingaleiða og gerð sjókorta, flóða- taflna og annarra gagna er stuðla að öruggri siglingu með ströndum lands- ins. Verkefni eru unnin í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins vegna SOLAS-samningsins sem Ísland er aðili að. SOLAS er alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafinu. Innan sjómælingasviðs er unnið á samstarfs- vettvangi Íslands að markmiðum Alþjóðasjómælingastofnunarinnar (IHO) að auka skilvirkni í verkefnum sjómælingastofnana á Norður-Atlants- hafi með aukinni samvinnu í gerð sjókorta og annarra sjóferðagagna.

Kortadeild 2010

Yfirlit, prentuð kort

Fimmtán kort voru prentuð og gefin út á árinu. Fimm ný kort, sjö nýjar útgáfur og þrjár nýjar prentanir. Upplag prentaðra korta var tæp 3300 eintök.

Ný kort

Í júní kom út nýtt hafnarkort fyrir Stykkishólm. Mörkum eldra korts var breytt og því telst kortið vera nýtt kort. Á haustmánuðum og í byrjun vetrar komu út ný kort af fjórum höfunum.

424	Stykkishólmur	1:10.000	jún.10
515	Hólmavík	1:10.000	sep.10
523	Ólafsfjörður	1:10.000	okt.10
718	Stöðvarfjörður	1:10.000	okt.10
532	Grimsey	1:10.000	nóv.10

Nýjar útgáfur

Sjö nýjar útgáfur komu út á árinu. Þrjú aðsiglinga- og hafnarkort, þrjú strandsiglingakort og eitt yfirsiglingakort. Kortið af Vestmannaeyjum var að verulegu leyti uppfært með fjölgeislamælingum sem gerðar voru á Baldri 2006 og 2007 af starfsmönnum mælingadeildar. Í nóvember kom út ný útgáfa af korti nr. 51 Horn-Rauðinúpur. Í nýju útgáfunni er m.a. unnið úr fjölgeislamælingum sem gerðar voru á Árna Friðrikssyni, skipi Hafrannsóknastofnunar, árið 2003 á Kolbeinseyjarhrygg.

46	Selvogur – Hjörsey	1:100.000	jún.10
52	Rauðinúpur - Glettinganes	1:100.000	jún.10
62	Rífstangi – Digranes	1:100.000	jún.10
321	Vestmannaeyjar	1:50.000	jún.10
361	Stakksfjörður	1:10.000	jún.10
364	Akranes	1:10.000	jún.10
51	Horn-Rauðinúpur	1:300.000	nóv.10

Ný prentun

Þrjú kort voru prentuð til að bæta við á lager. Kortin voru leiðrétt í samræmi við Tilkynningar til sjófarenda.

363	Hafnarfjörður	1:10.000	jún.10
530	Akureyri	1:10.000	jún.10
716	Reyðarfjörður	1:10.000	jún.10

Yfirlit, rafræn sjókort ENC

Á árinu kom út 21 nýtt rafrænt sjókort, ENC. Nítján sem samsvara prentuðum hafnakortum í 1:10.000 og tvö sem samsvara prentuðum strandsiglinga- kortum í 1:100.000. Tíu kort til viðbótar komu út í nýrri útgáfu og fjögur kort voru uppfærð.

Strandsiglingakort

IS400052	Hornstrandir	Nýtt
IS400062	Grimsey-Hraunhafnartangi	Nýtt

Hafnakort

IS500318	Grundartangi	Nýtt
IS500361	Stakksfjörður	Nýtt
IS500364	Akranes	Nýtt
IS500410	Patreksfjörður	Nýtt
IS500411	Tálknafjörður	Nýtt
IS500412	Bildudalur	Nýtt
IS500416	Bolungarvík	Nýtt
IS500420	Flatey	Nýtt
IS500421	Ríf	Nýtt
IS500422	Ólafsvík	Nýtt
IS500424	Stykkishólmur	Nýtt
IS500515	Hólmavík	Nýtt
IS500518	Skagaströnd	Nýtt
IS500519	Sauðárkrökur	Nýtt
IS500524	Dalvík	Nýtt
IS500610	Raufarhöfn	Nýtt
IS500611	Þórshöfn	Nýtt
IS500613	Vopnafjörður	Nýtt
IS500718	Stöðvarfjörður	Nýtt
IS500716	Reyðarfjörður	Ný út.
IS400036	Selvogur - Hjörsey	Ný út.
IS400037	Hjörsey - Stykkishólmur	Ný út.
IS400046	Ísafjarðardjúp	Ný út.
IS300031	Dyrhólaey - Snæfellsnes	Ný út.
IS300041	Vestfirðir	Ný út.
IS300051	Horn - Rauðinúpur	Ný út.
IS300061	Rauðinúpur - Glettinganes	Ný út.
IS300071	Glettinganes - Stokksnes	Ný út.
IS200021	Ísland (INT 1010)	Ný út.
IS400032	Alvíðruhamrar - Vestmannaeyjar	Uppf.
IS400033	Selvogur - Vestmannaeyjar	Uppf.
IS400053	Húnaflói	Uppf.
IS400072	Digranes - Glettinganes	Uppf.

Verkefni Baldurs utan sjómælinga

Í október var Baldur notaður til köfunaræfinga fyrir utan Akranes, þar voru kafarar sprengjudeildar Land- helgisgæslunnar, auk kafara frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og sérsveit ríkislögreglustjóra. Í desember var Baldur við uppgönguæfingar á Kollafirði. Þá voru einnig æfingar með sérsveitarmönnum og starfsmönnum sprengjudeildar LHG. Samtals tóku þessar æfingar fjóra daga. Staðfest var á árinu að flak sem fannst árið 2009 var af olíuskipinu Shirvan. Farinn var leið- angur með Gavia kabát frá Hafmynd og fengust skýrar „side-scan sonar“ myndir af flakinu sem staðfestu tilgátu um hvaða skip um væri að ræða. Sam- tals var Baldur í verkefnum í 50 daga á árinu. Sigldar voru samtals ríflega 3200 sjómílar. Starfsmenn mælingadeildar leystu þess á milli af sem stýrimenn á varðskipum og einnig á TF-SIF í verkefnum við Mexíkóflóa og í Senegal.



Mælingasvæði í Hvalfirði

Erlent samstarf – fundir

54. fundur Norræna sjómælingaráðsins (Nordic Hydrographic Commission) var haldinn í Reykjavík dagana 12. – 14. apríl. Þátttakendur auk Íslands voru frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Framkvæmdastjóri Sjómælingasviðs sótti 29. fund North Sea Hydrographic Commisison sem haldinn var í Brest, Frakklandi í september. Í desember sóttu fulltrúar kortadeildar fund norrænnrar vinnunefndar um sjókortautgáfu. Fundurinn var haldinn í Helsinki í Finnlandi.



KYNNINGARSTARF OG ERLEND VERKEFNI

Landhelgisgæslan á í góðu samstarfi við nágrannaríki Íslands á sviði öryggis-, löggæslu- og eftirlitsmála, sérstaklega Dani, Norðmenn, Breta, Færeyinga og Kanadamenn, þ.e. þjóðir sem eru ábyrgar fyrir leit og björgun á svæðum er liggja að ábyrgðarsvæði Íslands. Unnið er eftir skilgreindum verkferlum við Dani, Norðmenn og Bandaríkjamenn varðandi eftirlit, leit, björgun, æfingar og samvinnu, einnig er í gildi samkomulag við siglingastofnun Noregs um gagnkvæm skipti stjórnstöðva á upplýsingum um skipaumferð.

Landhelgisgæslan á sæti í samtökunum North Atlantic Coast Guard Forum sem eru samtök strandgæslna tuttugu þjóða við Norður Atlantshaf. Fundi sitja einnig gestir frá

stofnunum sem tengjast málefnum samtakanna, s.s. UN-Sameinuðu þjóðirnar, Frontex - Landamærostofnun Evrópusambandsins, Chiefs of European Navies og fleiri. Stefnu- mál samtakanna eru unnin innan sjö vinnuhópa sem fjalla um leit og björgun, öryggismál á hafinu, fiskveiðieftirlit, umhverfiseftirlit, smygl eiturlyfja, ólöglega innflytjendur og tæknibúnað innan strandgæslu- stofnana. Hlutverk samtakanna er að miðla upplýsingum og hugmyndum á sviði ofangreindra málaflokka, hafa yfirlit yfir þekkingu og tækjabúnað sem til er á svæðinu sem auðveldar allt samstarf og áætlanagerð. Þá tekur Landhelgisgæslan einnig þátt í samstarfi strandgæslna á Norðurlöndum. Í gegnum tíðina hefur Landhelgisgæslan einnig átt umtalsvert samstarf við NATO vegna sprengju- sveitar og loftrýmisgæslu. Samstarf þjóða á Norður-Atlantshafi á sviði gagnkvæmra upplýsingaskipta, aðgerða og þjálfunar er mikilvægt og nauðsynlegt að Landhelgisgæslan sé virkur þátttakandi í þeim vettvangi.

Kynningarstarf á innlendum jafnt sem erlendum vettvangi

Kynningarstarf og upplýsingagjöf eru mikilvægir þættir í starfsemi Landhelgisgæslunnar. Á árinu fékk Landhelgisgæslan fjölda heimsóknna frá leikskólum, grunnskólum, háskólum, fyrirtækjum, félagasamtökum, innlendum jafnt sem erlendum samstarfsaðilum. Tóku starfsmenn virkan þátt í fræðslu og samstarfi sem tengist verkefnum Landhelgisgæslunnar. Aðkoma þyrilu er fastur liður í sjómannafræðslu Slysavarnarskóla sjómanna, starfsmenn koma með

kynningar sem sniðnar eru námskeiðum af ýmsu tagi, taka þátt í 112 deginum og flugslysaæfingum svo dæmi séu nefnd. Einnig eru hátíðarhöld vegna Sjómanna-dagsins víða

um land órjúfanlegur þáttur í starfsemi. Heimasíðan www.lhg.is miðlar upplýsingum um verkefni og hafa heimsóknir hennar aukist jafnt og þétt milli ára, úr 62.512 innlitum árið 2006 í 116.725 innlit árið 2010.

Erlend verkefni og sértekjur

Landhelgisgæslan hefur leitað margvíslegra leiða við að hagræða. Þáttur í því var að taka þátt í verkefnum erlendis í samstarfi við Frontex-landamærostofnun Evrópusambandsins, bæði með varðskipinu Ægi og flugvélinni TF-SIF. Um var að ræða bæði leiguverkefni og samstarfsverkefni Íslands og Evrópusambandsins þar sem Landhelgisgæslan sinnti landamæraeftirliti á ytri landamærum Schengen-svæðisins. Var varðskipið Ægir við eftirlitsstörf á vegum landamæra- stofnunar Evrópusambandsins við Gíbraltar. Einnig var starfsemi í Gríska eyjahafinu og Senegal. Vegna verkefnanna voru starfsmenn Landhelgisgæslunnar í stjórnstöð Landamæra- stofnunar ESB á Grikklandi, í Madrid á Spáni og á Las Palmas á

Kanaríeyjum. Á tímabili sinnti TF-SIF, flugvél Landhelgisgæslunnar eftirliti á Mexíkóflóa í kjölfar olúslyssins sem þar varð vorið 2010.

Með þátttöku í erlendum verkefnum var tækjabúnaður Landhelgisgæslunnar nýttur og var honum haldið við. Ennfremur fékk starfsfólk góða þjálfun. Vegna verkefna TF SIF voru tveir flugmenn þjálfaðir á flugvélina og voru þá samtals fimm flugmenn með réttindi auk þess sem fjórir stýrimenn voru með þekkingu og réttindi á eftirlitsbúnað flugvélarinnar. Það varð til þess að þegar beiðni barst frá Bandaríkjunum um aðstoð vegna olíumengunarslyssins á Mexíkóflóa, var nægur mannskapur til að bregðast við. Án verkefnisins fyrir Landamæra- stofnun ESB hefði ekki verið hægt að fara í verkefnið á Mexíkóflóa. Sýnir þetta nauðsyn þess að einstakar deildir eða starfseiningar verði ekki skornar svo mikið niður að ekki sé hægt að bregðast við verkefnum þegar á þarf að halda, hvort sem þau eru innanlands eða eins og í þessu tilfelli erlendis og gefa auk þess sértekjur. Heildarsértekjur (velta) vegna erlendra verkefna voru 758 m.kr. af þeim var greiddur kostnaður verkefna, launakostnaður viðbótarstarfsfólks og safnað í sarpinn fyrir stór útgjöld sem eru væntanleg árin 2011 og 2012.



Ljósmynd GSV

VERKEFNI FLUGTÆKNIDEILDAR

Á árinu annaðist Flugtæknideild viðhald á þremur þyrlum og einni flugvél Landhelgisgæslunnar. Dauphin þyrlunni TF-EIR, sem leigð var til LHG, var skilað til eigenda í júní. Voru þá tvær Super Puma þyrlur, TF-LÍF og TF-GNÁ eftir í viðhaldi. Báðar vélarnar undirgengust 500 tíma skoðun. Skoðun á TF-GNA hófst í byrjun janúar og lauk seinni hluta febrúarmánaðar en skoðun á TF-LIF hófst í apríl og lauk í byrjun júlí. Auk þess stoppaði TF-GNA tvær vikur í október vegna „overtorque“ á aðal gírboxi. Í lok febrúar fór TF-EIR í 600 tíma skoðun sem tók um fimm vikur. Engar umfangsmiklar skoðanir fóru fram á flugvélinni TF-SIF en hún var þó stopp í byrjun janúar meðan beðið var eftir „radome“ fyrir leitar radar úr viðgerð, einnig var hún í flugskýli nokkra daga eftir heimkomu frá verkefnum á vegum Frontex í Afríku.

Viðbragðsgeta vélanna á árinu 2010

TF-LIF	74%
TF-GNA	82%
TF-SIF	93%
TF-EIR*	76%

*hálf ári í rekstri

Helstu viðhaldsverkefni ársins voru

ofangreindar tvær 500 tíma skoðanir á TF-LIF og TF-GNA. Auk þess tókust starfsmenn flugtæknideildar á við ný verkefni erlendis sem fólust í viðhaldi á TF-SIF í verkefni á vegum Frontex og verkefni í Mexíkó flóa. Þetta var ný reynsla fyrir flugtæknideild þ.e. að halda úti, til lengri tíma, viðhaldi erlendis á flugvél Landhelgisgæslunnar. Óhætt er að segja að mjög vel hafi gengið með þessi verkefni, sér í lagi ef hafður er í huga stuttur undirbúnings-tími og staðsetning verkefnanna eins og t.d. Afríka.

Þegar litið er yfir árið má segja að ágætlega hafi tekist vel til, þó 500 tíma skoðanirnar hafi tekið frekar langan tíma. Var þetta fyrsta heila árið sem Landhelgisgæslan var með eftirlitsflugvélina TF-SIF í rekstri. Á heildina litið má segja að ekki hafi komið upp stór vandamál vegna hennar að undanskildum bilunum í radar búnaði en ljóst er að eftirlitsbúnaður vélarinnar krefst mikils viðhalds og er kostnaðarsamur. Hefur flugtæknideild í því sambandi unnið að gerð viðhaldssamninga við framleiðendur kerfisins til að tryggja sem besta

nýtingu búnaðarins á komandi árum. Fyrsti samningurinn hefur þegar verið undirritaður við L3 í Texas og snýr hann að hugbúnaði; „mission systems“ uppfærslum og viðhaldi. Samningur þessi var gerður sameiginlega og í samstarfi við Sænsku strandgæsluna, Swedish Coast Guard. Annar samningur er í vinnslu við ELTA sem framleiðir ELTA radarinn sem gegnir mikilvægu hlutverki í búnaði vélarinnar. Fundir hafa farið fram með ELTA og vonast er til að fljótlega verði samningur við þá undirritaður.

Í lok árs var undirritaður samningur um varahlutakaup fyrir TF-GNA við Heli One í Noregi en samskonar samningur var áður í gildi við Norsk Helikopter. Nýi samningurinn er mun hagkvæmari kostnaðarlega séð og gerir hann einnig ráð fyrir varahlutum í TF-LIF (LIF var bætt inná samninginn í byrjun árs 2011). Einnig var gengið frá samningi vegna G-skoðunar á LIF en sá samningur er einnig í samstarfi við Heli One. G-skoðun þarf að fara fram árið 2012 en samningur við Heli One varðandi þessa skoðun var undirritaður í byrjun árs 2011.



TF-SIF

Ljósmynd AS

REKSTUR ÁRSINS 2010 - HELSTU NIÐURSTÖÐUR



Rekstrarumfang Landhelgisgæslunnar árið 2010 var það mesta í áráðir og stafar það af þátttöku Landhelgisgæslunnar í erlendum verkefnum eins og fram kemur í kaflanum hér á undan. Fjárveitingar drógust hins vegar saman um 10 % eða 280 m.kr. en heildartekjur námu um 1.000 m.kr. Heildarútgjöld voru 3.569 m.kr. eða um 700 m.kr. meiri en árið áður.

Afgangur varð af rekstri upp á alls 267 m.kr. og að teknu tilliti til yfirfærðs afgangss frá fyrra ári þá er uppsafnaður afgangur í árslok 391 m.kr. sem færirst yfir á árið 2011. Stefnt hefur verið að því að hafa afgang af rekstri vegna fyrrisjábanlegs niðurskurðar í fjárveitingum og mikils kostnaðar við viðhald á TF LÍF á árinu 2012. Fjárveiting í fjárlögum 2011 var enda lækkuð um 228 m.kr. þannig að segja má að stóran hluta afgangssins sé þegar búið að ráðstafa.

Dregið úr innlendri starfsemi en rekstrarstöðir styrkar

Úthald varðskipa við Ísland var það minnsta í áratugi eða 307 úthaldsdagar. Leigusamingur um þyrluna TF EIR (Dolphin þyrla) var ekki endurnýjaður til að spara útgjöld og til að einfalda þyrlurekstur og þjálfun. Mun hagkvæmara er að vera með eina þyrlutegund í staðinn fyrir tvær. TF EIR fór því úr rekstri um mitt sumar 2010.

Engar sjómælingar fóru fram á árinu frekar en árið á undan. En þrátt fyrir almennt minni starfsemi heima voru stöðirnar undir rekstur næstu ára styrktar á ýmsum sviðum. Þannig var hluti af þeim sértekjum sem fengust nýttar til að gera viðhaldssamning um TF LÍF og borgað inn á mjög dýra varahluti sem nýttast munu í rekstrinum á næstu árum. Jafnframt náðist að lækka kostnað vegna TF GNÁ um leið og viðhaldssamningurinn var gerður um TF LÍF. Þá voru gerðir þjónustu- og viðhaldssamningar vegna eftirlits-

Heildarrekstrartölur 2010, 2009 og 2008 (m.kr.)

	2010	2009	2008
Heildarútgjöld	3.569	2.868	2.870
Heildartekjur	-1.001	-243	-213
Heildarútgjöld umfram sértekjur	2.568	2.625	2.657
Framlag ríkissjóðs	2.835	2.904	2.604
Afgangur	267	279	-53
Afgangur (-halli) frá fyrra ári	125	-155	-101
Uppsöfnuð staða í árslok	392	125	-155

Skipting kostnaðar eftir deildum (m.kr.)

	2010		2009	
Varðskiparekstur	456	18%	546	21%
Flugrekstur	1.685	66%	1.659	63%
Stjórnstöð, sprengjusveit	169	7%	166	6%
Sjómælingar	59	2%	56	2%
Annar rekstur	198	8%	199	8%
Samtals	2.568	100%	2.625	100%

búnaðarins í TF SIF. Síðast en ekki síst þá mun rekstrarafgangur frá 2010 ásamt sértekjum á árinu 2011 nægja til að fjármagna yfir 200 m.kr. skoðun á TF LÍF sem fram fer fyrstu mánuði ársins 2012. Vegna erlendra verkefna var hægt að halda í alla starfsmenn LHG og gott betur þar sem ársverkum fjölgaði um tvö frá fyrra ári.

	2010	2009	2008
Ársverk	148	146	159

Björgunar- og eftirlitsstofnun byggir á traustum og góðum tækjum en fyrst

og síðast eru það vel þjálfaðir og reyndir starfsmenn sem bera uppi starfsemi. Í mörgum tilfellum tekur mörg ár að byggja upp reynslu. Því er mjög mikilvægt fyrir Landhelgisgæsluna að halda í starfsmenn eins og kostur er.

Eins og undanfarin ár er flugrekstur Landhelgisgæslunnar kostnaðarsamasti hluti rekstrarins. Undir annan rekstur fellur allur stoðrekstur eins og starfsmannahald, húsnæðismál, tölvumál, rekstrarsvið, skrifstofa forstjóra og fleira.



TF-LIF við hálandiseftirlit

SÝNISHORN ÚR DAGBÓK STJÓRNSTÖÐVAR 2010

Línubátur hverfur úr eftirliti

31. janúar 2010

Fyrir hádegi í dag hvarf 12 tonna línubátur úr fjareftirlitskerfi Landhelgisgæslunnar. Var báturinn síðast staddur um 18 sjómíli NV af Garðskaga. Landhelgisgæslan boðaði út björgunarskip Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og var þyrla Landhelgisgæslunnar Líf kölluð út. Nærstaddir bátar og skip voru beðin um að hætta veiðum og halda til leitar. Kl. 12:15 kom línubáturinn Fiskanes að línubátinum, ekkert amaði að skipverjum en rafmagnsbilun um borð olli því að sendingar hættu að berast til Landhelgisgæslunnar.

Þyrla kölluð út vegna slyss á Langjökli

30. janúar 2010

Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út um klukkan 13:00 í dag þegar tilkynning barst frá Neyðarlínunni um að tveir einstaklingar hefðu fallið í sprungu á Langjökli vestanverðum. Einnig voru Björgunarsveitir Slysavarnarfélagsins Landsbjargar frá Akranesi, Borgarnesi og höfuðborgarsvæðinu kallaðar út.

Ægir til hafnar að loknu eftirliti og löggæslu á Íslandsmiðum - farið um borð í tuttugu og tvö skip og báta

26. janúar 2010

Varðskipið Ægir kom á þriðjudag til hafnar í Reykjavík en skipið var við eftirlit og löggæslu á Íslandsmiðum fra



TF GNÁ æfir með björgunarneti

Ljósmynd AS

7. janúar. Varðskipsmenn fóru í ferðinni til eftirlits í tuttugu og tvö skip og báta þar sem farið var yfir veiðarfæri, afla og réttindi áhafna.

Óskað eftir aðstoð Sifjar við leit að ísbirni í Þistilfirði

27. janúar 2010

Landhelgisgæslunni barst kl. 14:57 beiðni frá Fjaraskiptamiðstöð lögreglunnar um aðstoð við leit að ísbirni sem sást til í Þistilfirði. Sif, eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar var við eftirlit á miðunum undan Norð-Austurlandi þegar beiðnin barst og hélt á svæðið til leitar. Kl. 15:47 upplýsti lögreglan á Húsavík að ekki væri þörf á frekari aðstoð þar sem búið væri að fella dýrið.

Öflugur jarðskjálfti reið yfir Chile - ekki hefur náðst samband við starfsmenn Landhelgisgæslunnar

27. febrúar 2010

Öflugur jarðskjálfti reið yfir Chile

klukkan rúmlega hálf sjö í morgun laugardag, að íslenskum tíma. Sex starfsmenn Landhelgisgæslunnar, þar af tveir Íslendingar eru í borginni Concepcion í Chile vegna smíði á nýju varðskipi. Eru þeir þar við vinnu við lokaáfangna smíðinnar. Auk Íslendinganna eru fjórir danskir eftirlitsmenn á vegum Landhelgisgæslunnar við störf á staðnum.

Æfing Ægis með þyrlubjörgunarsþjónustunni í Færeyjum

4. mars 2010

Nýverið æfði áhöfn varðskipsins Ægis sjöbjörgun með þyrlu Atlantic Airways OY-HSR, en þeir sjá um björgunarskörf sem unnin eru með þyrlum í Færeyjum. Áhöfn þyrlunnar ásamt stjórnendum frá Atlantic Airways komu um borð í Ægi fyrr um daginn skoðuðu skipið og kynntu sér aðstæður.

Í fyrsta sinn sem þyrla fær eldsneyti á flugi yfir varðskipi Landhelgisgæslunnar

5. mars 2010

Í gær var þyrlueldsneyti í fyrsta sinn dælt á Líf, þyrlu Landhelgisgæslunnar meðan hún var á lofti yfir íslensku varðskipi. Slíkt er afar mikilvægt að geta gert þegar verið er í aðgerðum á hafi úti og langt fyrir þyrlu að fara til eldsneytistöku. Gekk æfingin í alla staði vel.



Fiskveiðieftirlit

Ljósmynd AS

Æfingar Ægis með danska varðskipinu Ejnar Mikkelsen

2. mars 2010

Nýlega var haldin sameiginleg æfing varðskipsins Ægis og danska varðskipsins Ejnar Mikkelsen við Færeyjar. Var æfingin liður í samkomulagi sem undirritað var við danska sjóherinn árið 2007 um nánara samstarf er varðar leit, eftirlit og björgun á Norður-Atlantshafi. Í því felst m.a. sameiginlegar æfingar og þjálfun með einingum danska sjóhersins við Færeyjar og Grænland.

TF-SIF við eftirlit á suðaustur-mörkum lögsögunnar - Eyjafjallajökull skoðaður með jarðvísindamönnum

19. mars 2010

TF-SIF, eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar hefur í vikunni flogið reglulega yfir Eyjafjallajökul vegna jarðhræringa á svæðinu. Jarðvísindamenn hafa verið með í för, jökullinn skoðaður og myndir teknar. Ennþá er í gildi óvissustig sem Almannavarnir gáfu út föstudaginn 4. mars.

Eldgos hafð við Eyjafjallajökul – vísindamenn skoða gosstöðvarnar úr þyrlu og eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar

21. mars 2010 kl. 02:00

Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-LÍF fór frá Reykjavík kl. 01:40 með jarðvísindamenn til að kanna eldsumbrot við



Radarmynd TF-SIF

Eyjafjallajökull úr lofti. Flugvélin TF-SIF fer í loftið um kl. 04:00 og verður jökullinn kannaður úr eftirlitsbúnaði vélarinnar, eru jarðvísindamenn einnig um borð í flugvélinni. Varðskip er á svæðinu og verður það til taks ef þörf er á en um borð er eldsneyti fyrir þyrluna.

Flugslys við Flúðir - þyrla Landhelgisgæslunnar kölluð út

1. apríl 2010

Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út um kl. 16:15 í dag eftir stjórnstöð barst beiðni um aðstoð hennar eftir að flugslys varð skammt frá Flúðum. Var þyrlan lent á slyssaðnum um klukkustund eftir að útkallið barst. Voru þrír slasaðir fluttir um borð í þyrluna sem lenti við Landspítalann í Fossvogi kl. 17:50.

Varðskipið Ægir siglir af stað í landamæraeftirlit fyrir Evrópu-sambandið

21. apríl 2010

Varðskipið Ægir lagði úr Reykjavíkurohöfn kl. 22:00 í gærkvöldi áleiðis til Senegal en þar og á vestanverðu Miðjarðarhafi mun varðskipið næstu 6 mánuði sinna landamæraeftirliti fyrir Frontex, landamæra stofnun Evrópusambandsins. Skipið siglir til Dakar í Senegal með viðkomu í Las Palmas á Kanaríeyjum þar sem stjórnstöð Frontex er staðsett.

Varðskip á leið til aðstoðar portúgölskum togara

30. apríl 2010

Varðskip Landhelgisgæslunnar er nú á leið til aðstoðar portúgölskum togara sem fékk veiðarfæri í skrúfunu við mörk 200 sjómílna lögsögunnar. Togarinn sem er við úthafskarfaveiðar fékk veiðarfærin í skrúfunu í morgun og var þá leitað eftir aðstoð Landhelgisgæslunnar. Munu kafarar varðskipsins freista þess að skera veiðarfærin úr skrúfu togarans.



V/S ÆGIR við bryggju í Almería, Spáni

Ljósmynd GSV

Bátur staðinn að ólöglegum veiðum á Breiðafirði

10. maí 2010

Baldur, eftirlitsbátur Landhelgisgæslunnar stóð nýverið fiskibát að ólöglegum grásleppuveiðum innan marka í Breiðafirði. Báturinn var færður til Stykkishólms þar sem lögregla tók á móti honum þar sem málið verður kært.

Mikið annríki í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar vegna strandveiðanna

12. maí 2010

Strandveiðar hófust á mánudag af fullum krafti og eru um 700 íslensk skip og bátar í fjareftirliti Landhelgisgæslu Íslands sem er um tvöfalt fleiri íslensk skip en að jafnaði eru á sjó í einu. Mikið álag er á þremur varðstjórum stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar sem eru á vaktinni og fylgjast með umferðinni, svara fyrirspurnum og taka á móti tilkynningum um ferðir flotans.

Met sett í útköllum Landhelgisgæslunnar

21. maí 2010

Níu útköll voru í gær send frá stjórnstöð Landhelgisgæslunnar sem hefur að sögn varðstjóra ekki áður gerst en mikið annríki hefur verið síðastliðna sólarhringa vegna strandveiðanna. Alls urðu sex bátar vélarvana víðs vegar um landið, tveir bátar dattu út úr fjar- eftirlitskerfum vegna bilunar auk þess sem þyrla Landhelgisgæslunnar var sett í viðbragðsstöðu vegna lítillar flugvélar í vandræðum á leið frá Narsarsuaq á Grænlandi.

TF-GNÁ sækir skipverja af þýska togaranum Kiel

30. maí 2010

Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-GNA lenti við Landspítalann í Fossvogi kl. 19:55 með skipverja af þýska togaranum Kiel sem var að veiðum við A-Grænland eða um 480 sml frá Garðskaga þegar skipverjinn fékk slæman brjóstverk síðdegis á laugar- dag. Hafði íslenskur skipstjóri Kiel þá



samband við sjóbjörgunarstöðina MRCC Grönnedal á Grænlandi, sem ekki hafði tók á að senda aðstoð vegna slæms veðurs á svæðinu og var þeim vísað á Landhelgisgæsluna.

TF-GNÁ sækir slasaðan sjómann úti fyrir Vestfjörðum

9. júní 2010

Landhelgisgæslunni barst kl. 02:01 í nótt beiðni um þyrlu eftir að slys varð um borð í togara úti fyrir Vestfjörðum. Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-GNÁ fór í loftið kl. 02:49 og kom að togaranum á Halamiðum kl. 04:16.

Útkall þyrlu eftir slys í Látrabjargi

9. júní 2010

Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-GNÁ var kölluð út kl. 16:40 í dag eftir tilkynning barst frá Neyðarlínunni um þýskan ferðamann sem féll fram af Látrabjargi. TF-GNÁ fór í loftið um kl. 17:15 með þrjá undanfara Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Farþegabátur strandar á klettasnöð við Akurey

19. júní 2010

Farþegabáturinn Skúlaskeið, með 10 farþega um borð auk áhafnar, standaði síðdegis í dag við norðanverða Akurey eða á klettasnöð 25 metra frá eyinni. Landhelgisgæslan heyrði af óhappinu

rás 16, sem er neyðarbylgja fyrir skip og báta og öllum sjófarendum ber skylda til að hlusta á.

Þyrla sækir slasaða á Snæfjallaströnd við Ísafjarðardjúp

22. júní 2010

Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-GNÁ lenti við Landspítalann í Fossvogi kl. 15:00 með konu sem slasaðist í bílslysi á Snæfjallaströnd við Ísafjarðardjúp

TF-GNA í sjúkraflug 120 sml NV af Garðskaga

3. júlí 2010

Landhelgisgæslunni barst í morgun aðstoðarbeiðni frá skipinu Jóhönnu Gísladóttur vegna skipverja með brjóstverk. Skipið var statt um 120 sjómílu vestnorðvestur af Garðskaga.



Ljósmynd AS

Ljósmynd AS

Sigmaður þyrlunnar réri vélarvana bát í land

8. júlí 2010

Þyrluáhöfn Landhelgisgæslunnar lenti í óvenjulegu útkalli síðdegis í dag þegar TF-GNA var á heimleið úr æfingu. Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar barst aðstoðarbeiðni vegna báts sem var vélarvana á Úlfliótsvatni. Vegna hvassviðris rak bátinn stjórnlaust um vatnið en sagt var að um borð væri maður með þrjú börn. Seig sigmaður þyrlunnar niður í bátinn og fékk hann þá þær upplýsingar frá bátsverja að maðurinn hefði sett börnin í land nokkru áður en báturinn varð vélarvana. Náði hann ekki að koma bátnum í gang og vegna hjarta-sjúkdóms hafði hann ekki þrek til að róa bátnum að landi í hvassviðrinu. Tók þá sigmaður þyrlunnar, sem einnig er stýrimaður, við að róa bátnum í land.

Afskipti höfð af flutningaskipi sem ekki virti reglum um aðskildar siglingaleiðir

11. júlí 2010

Aðfarnótt laugardagsins hafði Landhelgisgæslan í tvígang afskipti af siglingum flutningaskipsins Green Tromsø sem sigldi ekki samkvæmt reglum um aðskildar siglingaleiðir vestur fyrir Garðskaga og suður fyrir Reykjanes. Tekin var skýrsla af skipstjóra og stýrimanni er skipið kom til Vestmannaeyja.



Ljósmynd AS

V/S TÝR



TF-SIF

Ljósmynd AS

Eftirlit á sundunum í samstarfi við lögregluna

14. júlí 2010

Landhelgisgæslan mun í sumar stunda reglubundið eftirlit á sundunum í nágrenni Reykjavíkur í samstarfi við Ríkislögreglustjóra og lögregluna í Reykjavík. Í gær var farið til eftirlits á Óðni sem er harðbotna léttbátur Landhelgisgæslunnar. Athuguð voru réttinda- og öryggismál um borð í farþegabátum á svæðinu.

TF-SIF sinnir mengunareftirliti á Mexíkóflóa

14. júlí 2010

Flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SIF hélt í morgun til Houma í Louisiana þar sem flugvélin mun næstu fjórar vikur eða til 15. ágúst, sinna mengunareftirliti á Mexíkóflóa fyrir BP- British Petroleum og bandarísku

strandgæsluna sem hefur yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins.

TF-LÍF í fimm tíma langt sjúkraflug. Sótti sjúkling 225 sjómíllur frá Reykjanesi

13. ágúst 2010

Landhelgisgæslunni barst kl. 19:41 í gærkvöldi aðstoðarbeiðni frá sjóbjörgunarmiðstöðinni í Madrid þar sem óskað var eftir að alvarlega veikur maður yrði sóttur um borð í spanska togarann Esperanza Menduina sem þá var staddur um 280 sjómíllur suðvestur af Reykjanesi.

Ægir kemur að ólíkum björgunum á Miðjarðarhafi

15. ágúst 2010

Undanfarnar vikur hefur varðskipið Ægir verið við eftirlit á vegum Frontex í Miðjarðarhafi þar sem varðskipið hefur komið að „björgun“ flóttafólks af bátum sem fóru frá Alsír og Morocco með stefnuna á Spán. Einnig hafa komið upp skemmtileg atvik eins og þegar siglt var fram á skjaldböku af stærri gerðinni í sem átti í augljósum vandræðum.

Varðskipið Týr aðstoðar erlendan togara

25. ágúst 2010

Varðskipið Týr kom um kl. 04:00 í nótt að erlendum togara þar sem hann var vélarvana um 490 sjómíllur VSV af Reykjanesi. Lagði varðskipið úr höfn síðdegis á mánudag til aðstoðar togaranum .

Björgunarskýli flutt á Hornstrandir

8. september 2010

Varðskip og þyrla Landhelgisgæslunnar fluttu í gær neyðarskýli fyrir Björgunarskýli Ísafjarðar að Hlíðuvík á Hornströndum. Skýlið vegur um 600 kg en við flutninginn var notaður búnaður sem hengdur er neðan í þyrluna.

Tundurdufli eytt á Snæfellsnesi

8. september 2010

Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar hafa nú lokið við að eyða tundurdufli sem togbáturinn Skinney fékk í botnvörpuna við veiðar suður af Snæfellsjökli í morgun. Var um að ræða breskt tundurdufl frá seinni heimstyrjöldinni sem var býsna heillegt að sögn sprengjusveitarmanna. Reiknað er með að um 220 kíló af sprengiefni hafi verið inni í duflinu.

Bátur strandar við Raufarhöfn

23. september 2010

Landhelgisgæslunni barst kl. 12:56 neyðarkall frá fiskibát með fjóra menn um borð, sem var strandaður um eina sjómílu sunnan við Raufarhöfn, nánar tiltekið við Hólshöfða. Að sögn skipverja virtist báturinn ekki vera brotinn og urðu þeir ekki varir við leka um borð.

Rjúpnæftirlit í samstarfi við lögreglu

15. nóvember 2010

Þyrla Landhelgisgæslunnar fór um helgina til rjúpnaveiðeftirlits ásamt lögreglunni í Ólafsvík. Við eftirlit helgarinnar var lent hjá veiðimönnum á Snæfellsnesi, farið yfir skotvopnaleyfi þeirra, byssur og skotfæri. Einn maður var án skotvopnaleyfis og var því byssa hans gerð upptæk ásamt skotum.

Ægir sækir vélarvana bát suður af Látrabjargi

23. nóvember 2010

Varðskipið Ægir dró í nótt bátinn Guðrúnu BA 127 til hafnar á Rifi eftir að hann varð vélarvana um 4 sjómílu SSV af Látrabjargi rétt eftir miðnætti. Kom Ægir með bátinn að bryggju á Rifi um kl. 09:00 í morgun.

Komu í veg fyrir að bátur strandaði

29. nóvember 2010

Varðstjórur stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar tókst í vikunni sem leið að koma í veg fyrir að bátur á landleið strandaði á Lönguskerjum. Kölluðu varðstjórur á bátinn til að aðvara hann og leiðbeindu honum síðan frá skerjunum.



Ljósmynd GHG



Eldur kom upp í línubát. Skipverjum tókst að slökkva eldinn.

6. desember 2010

Línubáturinn Lágey hafði samband við Landhelgisgæsluna kl. 14:51 á laugar dag þegar eldur kom upp í vélarrúmi þegar báturinn var staddur í Látraröst við Bjargtanga. Tókst skipverjum strax að slökkva eldinn en óskað var eftir að björgunarskipið Vörður á Patreksfirði myndi sigla á móti Lágey.



Ljósmynd AS



TF SIF á flugvelli í Senegal

Ljósmynd áhöfn TF-SIF



V/S ÞÓR í smíðum í Chile

Ljósmynd UT

Ársskýrsla Landhelgisgæslu Íslands 2010

Umsjón: Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir

Ljósmyndir: Árni Sæberg (ÁS), Guðmundur St. Valdimarsson (GSV), Þórunn Högnadóttir (ÞH),

Guðmundur St. Valdimarsson (GVA), Unnþór Torfason (UT),

Guðmundur Hörður Guðmundsson (GHG) og Jón Páll Ásgeirsson (JPÁ)

Hönnun: H+H



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD

SKÓGARHLÍÐ 14
105 REYKJAVÍK
ICELAND
TEL. +354 545 2000
FAX +354 545 2001
WWW.LHG.IS